



Stjórnarfundur FNS
Fundargerð
Þriðjudaginn 24. september 2019, kl.15:00, Framvegis

Mættar: Helga Tryggvadóttir, Hildur Katrín Rafnsdóttir, Klara Guðbrandsdóttir, Margrét Arnardóttir á Zoom og Svanhildur Svavarsdóttir. Einnig mættu Inga Berg og Anna Monika til að ræða dag náms- og starfsráðgjafar.

Dagskrá

1. Dagur náms- og starfsráðgjafar – aðilar úr fræðslunefnd mættu til að ræða þennan dagskrálið.
 - a. Staðsetning. Ekki laust á Hótel Natura og Grand, það er verið að vinna í því að finna stað. Hótel Saga er í skoðun.
 - b. Drög að kostnaðaráætlun. Kemur síðar.
 - c. Þátttökugjald. Fer eftir styrkjum og hvað fyrirlesararnir taka mikið og hvaða sal við fáum.
 - d. Þema - dagskrá, hvernig gengur að fá félagsmenn í menntabúðir? Það komu engin svör við póstinum til félagsmanna um hvað eigi að gera á deginum. Helga Try ætlar að endursenda póstin sem var sendur á félagsmenn. Hugmynd um eitthvað samfélags miðlatengt, hvernig við getum notað samfélagsmiðla eða fjalla um jákvæðu sálfræðina í ráðgjöf.
 - e. Það þarf að sækja um styrkir hjá NVL, Euroguidance og KÍ
 - f. Nýta Zoom - hvað þurfum við? Fer eftir því hvað er í salnum sem við leigjum.
 - g. Fræðslunefndin fær 300.000. kr. á ári fyrir utan dag náms- og starfsráðgjafar.
 - h. Helga Try mun athuga með kynningarefni.
 - i. Fá Guðbjörgu Vilhjálmsdóttur til að segja frá alþjóða starfinu og Margrétu Arnardóttir til að segja frá norræna starfinu.

2. Félagatalið og félagsgjöld
 - a. Hvernig eru heimtur á félagagjöldum? Klara er að bera saman félagatalið og þá sem eru listaðir upp á síðunni okkar með leyfisbréf. Heimtur félagsgjalda eru nokkuð góðar. 178 félagsmenn búnir að greiða af 253 félagsmönnum.
 - b. Þeir sem borga félagsgjöld en eru ekki með leyfisbréf,
 - i. annað hvort fólk sem við vitum að uppfyllir ekki skilyrði til að fá leyfisbréf
 - ii. eða eiga bara eftir að sækja um. Biðja fólk að kíkja á listann á fns.is, láta vita ef vantar og senda póst á okkur með leyfisbréfinu.
 - c. Hvað gerum við? Gera plan um hvernig við komum skilaboðum til þeirra sem eru ekki m. leyfisbréf. Helga sendir póst á félagsmenn og biður þá að athuga hvort

þeir séu skráðir með leyfisbréf á heimasíðunni og ef ekki að senda þá leyfisbréfið á fns@fns.is. Þeir sem fara á póstlistann eru bara þeir sem hafa greitt félagsgjöldin. Ef viðkomandi er með leyfisbréf en ekki skráður á heimasíðunni þá senda okkur upplýsingar um það. Hverjir eiga að vera í FB hópnum. Umræða fyrir nokkrum árum rifjuð upp, spurning um að samræma þá sem eru þarna inni og félagalistann eða hafa póstlistann eingöngu fyrir félagsmenn.

3. Trúnaðarmál - leyfisbréf

Ábendingar um fólk í störfum náms- og starfsráðgjafa sem eru ekki með menntun/leyfisbréf - eru að nota starfsheitið í leyfisleysi eða eru í störfum náms- og starfsráðgjafa en titlað eitthvað annað.

Ýta þarf á þá sem eiga eftir að klára námið, gefa þeim ár til að klára og sækja um leyfisbréfið. Aðgerðaráætlun:

- Senda tölvupóst og setja á FB að skoða listann á FNS og senda leyfisbréf ef þau vantar. Senda póst á háskólana og símenntunarstöðvarnar með ábendingu um lögverndunina. Senda bréfið sem við eigum á stjórnendur í grunn- og framhaldsskólum.
- Bera saman greiðslur og lista FNS, senda á þá sem eru ekki með leyfisbréf
- Senda á þá sem eru búnir að greiða en eru ekki með leyfisbréf. Eftir ár detta þeir út af félagatalinu sem ekki hafa sent inn leyfisbréf.
- Þeir sem eru skráðir sem náms- og starfsráðgjafar á heimasíðu og eru ekki í félaginu, senda þeim póst og biðja um leyfisbréf og benda þeim á að starfið sé lögverndað.

Senda kennitölur á KÍ, þeir sem eru að fara út og þeir sem er að koma inn

4. SEF styrkir - Sækja um styrk fyrir ráðstefnunni í Riga
5. Nýir aðilar í kjaranefnd - hóla saman á fjarfundi. Tvær buðu sig fram Lýdía fyrir háskólann og Arndís Harpa hjá atvinnulífínu.
6. Taka saman lista yfir hvað áskotnast við að vera í FNS, Helga Try setur upp google skjal sem við getum týnt inn í. Gott að kynna á deginum okkar.
7. Opna í Skólavörðunni - fáum opnu í gegnum stefnumótunarnefndina, hvað viljum við hafa? Viðtal við formanninn, kjör Guðbjargar og NFSY, hvar við störfum, skreyta með kynningarefni, tala við kynningarnefndina.

Næsti fundur: Hádegis verðarfundur kl. 12:00 þann 11. október 2019.

Fundi slitið kl. 16:30

Fundarritari: Svanhildur Svavarsdóttir